

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 25. september 2020.

Mál nr. 406/2019:

Loftorka Reykjavík ehf.

(Jóhannes Karl Sveinsson lögmaður)

gegn

Reykjavíkurborg og

(Ebba Schram lögmaður,

Theodór Kjartansson lögmaður, 4. prófmál)

Vegagerðinni

(Reynir Karlsson lögmaður)

og gagnsök

Lykilorð

Verksamningur. Afsláttur. Fullnaðarkvittun. Viðbótarkrafa. Tómlæti. Skipting sakarefnis.

Útdráttur

R og V buðu sameiginlega út verkið „Breiðholtsbraut við Norðlingaholt. Göngubrú og stígar“ sem tók meðal annars til byggingar 70 metra langrar göngubrúar yfir Breiðholtsbraut. L ehf. varð hlutskarpast í útboðinu og gerðu aðilar með sér samning um verkið. Ágreiningur reis milli aðila um hvort galli væri á dekki brúarinnar og hvort L ehf. hefði samþykkt að veita R og V tiltekinn afslátt af verklaunum, einnig hvort L ehf. ætti rétt til bóta fyrir tafir sem urðu á verkinu vegna þess galla sem R og V töldu vera á því. Þá var einnig deilt um hvort R og V ættu rétt til tafabóta úr hendi L ehf. Í héraði var sakarefni málsins skipt þannig að fyrst var leyst úr því hvort ætlaðar kröfur L ehf. væru niður fallnar annars vegar á grundvelli reglna kröfuréttar um fullnaðarkvittanir og viðbótarkröfur og hins vegar vegna tómlætis. Á sama hátt var eingöngu tekin afstaða til þess hvort ætluð krafa R og V um tafabætur væri fallin niður vegna tómlætis. Héraðsdómur féllst hvorki á að L ehf. hefði fyrirgert rétti sínum til að hafa uppi kröfu um full verklaun þar sem lokauppgjör hefði farið fram né að hann hefði glatað rétti sínum til að hafa uppi kröfuna vegna tómlætis. Héraðsdómur taldi hins vegar að L ehf. hefði sökum tómlætis glatað rétti sínum til að hafa uppi kröfu um bætur vegna kostnaðar sem hafi leitt af stöðvun verksins. Loks sló héraðsdómur því föstu að R og V hefðu vegna tómlætis glatað rétti til að hafa uppi kröfu um tafabætur úr hendi L ehf. Í dómi Landsréttar var sú ályktun dregin af framburði tveggja vitna sem gáfu skýrslu fyrir héraðsdómi að R og V hafi verið grandsamir um að L ehf. gerði fyrirvara um afsláttarkröfu þeirra. Var ekki fallist á það með R og V að bindandi samningur hefði komist á milli málsaðila um afsláttinn eða að reglur kröfuréttar um réttaráhrif fullnaðarkvittana eða rétt kröfuhafa til viðbótargreiðslna gætu leitt til þess að krafa L ehf. samkvæmt verksamningnum hefði

fallið niður við greiðslu R og V á lokareikningi. Að þessu virtu en að öðru leyti með vísan til forsendna var hinn áfrýjaði dómur staðfestur.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Aðalsteinn E. Jónasson, Hervör Þorvaldsdóttir og Ragnheiður Harðardóttir.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Aðaláfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 5. júní 2019. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 9. maí 2019 í málinu nr. E-1528/2018.
- 2 Aðaláfrýjandi krefst þess að viðurkennt verði að heimild hans til að krefjast greiðslu 6.407.121 krónu úr hendi gagnáfrýjenda sé ekki fallin niður á þeim grundvelli að lokauppgjör hafi verið samþykkt eða að aðaláfrýjandi hafi sýnt af sér tómlæti. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjenda í héraði og fyrir Landsrétti. Að öðru leyti krefst aðaláfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms.
- 3 Gagnáfrýjendur áfrýjuðu héraðsdómi fyrir sitt leyti 20. ágúst 2019. Gagnáfrýjendur krefjast þess að viðurkennt verði að heimild aðaláfrýjanda til að krefjast greiðslu á 6.000.000 króna úr hendi gagnáfrýjenda sé fallin niður á þeim grundvelli að lokauppgjör hafi verið samþykkt og að aðaláfrýjandi hafi sýnt af sér tómlæti. Auk þess að viðurkennt verði að heimild gagnáfrýjenda til að krefjast greiðslu tafabóta úr hendi aðaláfrýjanda sé ekki fallin niður á þeim grundvelli að gagnáfrýjendur hafi ekki gert fyrirvara um kröfu vegna tafabóta er þeir gengu frá greiðslum 27. nóvember 2015 og að gagnáfrýjendur hafi sýnt af sér tómlæti í þeim efnum. Þá krefjast gagnáfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti. Að öðru leyti krefjast þeir sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Niðurstaða

- 4 Sakarefni málsins var skipt við meðferð þess fyrir héraðsdómi. Skiptinguna reisti héraðsdómari á 1. mgr. 31. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þar sem kveðið er á um að dómari geti ákveðið að eigin frumkvæði eða eftir ósk annars aðila eða beggja að skipta sakarefni þannig að fyrst verði dæmt sérstaklega um tiltekin atriði máls meðan önnur atriði þess hvíla og bíða þess að verða dæmd. Á þeim grundvelli var í héraðsdómi eingöngu tekin afstaða til þess hvort ætlaðar kröfur aðaláfrýjanda væru annars vegar niður fallnar á grundvelli reglna kröfuréttar um fullnaðarkvittanir og viðbótarkröfur og hins vegar vegna tómlætis. Á sama hátt var eingöngu tekin afstaða til þess hvort ætluð krafa gagnáfrýjenda um tafabætur væri fallin niður vegna tómlætis.
- 5 Í réttarframkvæmd hefur ekki verið gerður áskilnaður um að fyrir liggi að krafa sem um er deilt hafi stofnast svo að heimilt verði talið að skipta sakarefni máls á grundvelli 1. mgr. 31. gr. laga nr. 91/1991. Þannig hefur í dómaframkvæmd Hæstaréttar meðal annars verið lagt til grundvallar að heimilt sé að skipta sakarefni með þeim hætti að

mál sé fyrst rekið um hvort ætluð krafa sé fallin niður fyrir fyrningu, sbr. meðal annars dóma Hæstaréttar 10. nóvember 2016 í máli nr. 53/2016 og 8. mars 2018 í máli nr. 145/2017. Svo að unnt sé að skipta sök með þessum hætti hefur á hinn bóginn verið talið að liggja þurfi fyrir „hvenær og á hvaða grundvelli krafa er talin hafa stofnast“, sbr. dóma Hæstaréttar 4. júní 2019 í málum nr. 5 og 6/2019 þar sem ekki lá fyrir hvort ætluð krafa hefði orðið til, á hvaða grunni það hefði gerst og hvenær.

- 6 Krafa aðaláfrýjanda er tvískipt og varðar annars vegar uppgjör á verksamningi sem liggur fyrir í málinu og hins vegar skaðabætur vegna stöðvunar verks af hálfu gagnáfrýjenda vegna meints galla á verkinu. Krafa gagnáfrýjenda er um greiðslu tafabóta sem kveðið er á um í samningnum. Í ljósi þess að enginn vafi ríkir um hvenær ætlaðar kröfur málsaðila hafi stofnast eða á hvaða grundvelli verður talið að heimilt hafi verið að skipta sakarefninu á þann hátt sem gert var fyrir héraðsdómi og áður hefur verið rakið. Kemur því ekki að sök þótt aðstæður séu með þeim hætti að ágreiningur ríki milli málsaðila um tilurð og réttmæti ætlaðra krafna.
- 7 Eins og nánar er rakið í hinum áfrýjaða dómi byggja gagnáfrýjendur á því að með útgáfu lokareiknings vegna verksins 2. desember 2015 hafi aðaláfrýjandi samþykkt kröfu þeirra um afslátt af umsömdum verklaunum að fjárhæð 6.000.000 króna vegna meints galla á verkinu. Byggja þeir á því að þeir hafi haft réttmætar væntingar til að ætla að með greiðslu þess reiknings hafi verið kominn á bindandi samningur milli málsaðila um afsláttinn.
- 8 Í skilagreini með reikningi aðaláfrýjanda nr. 15 frá 23. september 2015 segir orðrétt um framangreint: „Greiðslu haldið eftir uns samkomulag hefur náðst v/steypugalla í brúardekki.“ Í skilagreini með fyrrgreindum lokareikningi aðaláfrýjanda vegna verksins nr. 16 frá 2. desember 2015 hafði orðalaginu verið breytt og var svohljóðandi: „Afsláttur vegna steypugalla í brúardekki.“ Spurður í skýrslutöku fyrir héraðsdómi um skýringu á þessu breytta orðalagi á milli útgáfu skilagreina og reikninga sagði Atli Bragason, eftirlitsmaður verksins, orðrétt: „Ég hugsa að það sé bara mitt. Ég alla vega legg ekki mikinn mun í skilning á þessum orðum.“ Nánar spurður um aðdraganda útgáfu lokareikningsins sagði hann að aðaláfrýjandi hefði sent honum „uppkast af [þeim] reikningi, þar sem ekki [var] haldið eftir neinu“. Hann hafi þá sent gagnáfrýjendum það skjal og vakið athygli þeirra á því að ekki væri gert ráð fyrir að neinu yrði haldið eftir vegna meints galla. Hann hafi þá fengið þau svör frá gagnáfrýjendum að þeir væru ekki tilbúnir að greiða umræddar 6.000.000 króna. Aðaláfrýjandi hefði þá ákveðið „að fá greitt það sem hann gæti fengið greitt“. Hann hefði ekki gert skriflegan fyrirvara og sent lokareikninginn með fyrrgreindu orðalagi í skilagreini frá sér án sérstaks fyrirvara. Hann hefði fallist „á þessa afgreiðslu að sinni en boðað að hann myndi leggja fram greinargerð vegna málsins til að hrinda kröfu [gagnáfrýjenda]“. Fyrir liggur að bókað var um þetta í skilagreini eftirlits frá janúar 2016. Spurður hvort hann hefði tilkynnt gagnáfrýjendum að von væri á slíkri greinargerð sagðist hann í öllu falli hafa tilkynnt þeim að aðaláfrýjandi hefði ekki

verið sáttur „við þennan afdrátt“. Róbert Guðmundur Eyjólfsson, verkefnisstjóri verksins hjá gagnáfrýjanda Reykjavíkurborg, gaf skýrslu fyrir héraðsdómi. Spurður hvort hann hefði litið svo á að með greiðslu fyrrgreinds lokareiknings hefði ágreiningsmálinu um meintan galla verið lokið sagði hann: „Já, í raun og veru. Þó að komi fram hjá verktakanum [aðaláfrýjanda] – ég man ekki orðalagið en kannski inntakið – hann sjái þessa tölu en hann sé ekki alveg tilbúinn að samþykkja hana, en engu að síður þar sem að líða margir mánuðir á milli þess að þetta er umtalað þangað til þeir koma með formlegt andsvar. Þannig að þá litum við á að þetta væri frágengið ...“.

- 9 Af framangreindu verður ráðið að aðaláfrýjandi hafi ekki verið sáttur við afsláttarkröfu gagnáfrýjenda í aðdraganda útgáfu lokareikningsins og að hann hafi greint Atla Bragasyni, eftirlitsmanni verksins, frá þeirri afstöðu sinni. Jafnframt liggur fyrir yfirlýsing Atla um að hann hafi komið þeim skilaboðum áleiðis til gagnáfrýjenda en hún fær stoð í fyrrgreindum framburði Róberts Guðmundar Eyjólfssonar fyrir héraðsdómi. Af þessu og því sem fyrr er rakið um þetta verður ekki önnur ályktun dregin en sú að gagnáfrýjendur hafi þrátt fyrir fyrrgreint orðalag í skilagrein með lokareikningnum verið grandsamir um að aðaláfrýjandi gerði fyrirvara um réttmæti afsláttarkröfu þeirra. Gátu þeir af þeim sökum ekki verið í góðri trú um að aðaláfrýjandi hefði fallist á afsláttarkröfuna við útgáfu reikningsins og móttöku greiðslu. Samkvæmt því verður ekki fallist á þá málsástæðu gagnáfrýjenda að bindandi samningur hafi komist á milli málsaðila um afsláttinn eða að reglur kröfuréttar um réttaráhrif fullnaðarkvittana eða rétt kröfuhafa til viðbótargreiðslna geti leitt til þess að krafa aðaláfrýjanda samkvæmt verksamningnum hafi fallið niður við greiðslu gagnáfrýjenda á lokareikningnum. Af sömu ástæðu geta ákvæði greina 5.1.9 og 5.1.10 ÍST 30 ekki leitt til annarrar niðurstöðu.
- 10 Að framangreindu virtu en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur. Ekki er fallist á að ástæða sé til að endurskoða niðurstöðu héraðsdóms um málskostnað.
- 11 Í ljósi atvika máls þykir rétt að málskostnaður fyrir Landsrétti falli niður, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Landsrétti fellur niður.

Rétt endurrit staðfestir

Gjald: 1.200 kr.

